



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farmflutninga á landi. 503. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins senda sameiginlega umsögn um ofangreint frumvarp.

Samtökin telja að efni frumvarpsins sé óþarft og að það sama eigi við um sambærileg ákvæði í gildandi lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi.

Samtökin telja að gildandi lög um hæfi ökumanna og reglur um ökuréttindi og aukin ökuréttindi ásamt reglum um ástand bifreiða og vinnuvéla og meðferð farms nægi fyllilega til að tryggja öryggi og hagsmuni almennings og annarra. Ávinningurinn af þeirri viðbótarlöggjöf og eftirliti sem ætlunin sé að koma á með frumvarpinu sé minni en genginn en kostnaður töluverður og umstang mikið.

Einnig má benda á að skattyfirvöld hafa almennt eftirlit með fyrirtækjum og einstaklingum og rekstri þeirra og að starfsemin er leyfis skyld samkvæmt öðrum lögum.

Samtökin skora því á Alþingi að afgreiða ekki frumvarpið og jafnframt að fella niður ákvæði um eftirlit og leyfisveitingar úr gildandi lögum.

Rétt er þó að fjalla lítillega um ágalla á frumvarpinu eins og þeir blasa við samtökunum.

1. Í fyrstu grein er ráðherra heimilað að veita undanþágu frá lögnum sem ákveðnar verða í reglugerð. Þetta vekur upp spurningar um hvort lagasetningarinnar sé yfirleitt þörf.
2. Mjög erfitt getur verið að greina á milli farmflutnings í eigin þágu og í atvinnuskyni. Ökutæki bera ekki með sér hvort þau séu í eigu verktaka „*sem starfar við annars konar verktöku en flutningsþjónustu*“ eða ekki. Eftirlit mun því beinast að öllum flutningum og verður á þann hátt ómarkvisst og dýrt jafnt þeim sem undir það falla og hinum sem verða fyrir eftirliti án þess að starfsemin sé eftirlitsskyld.
3. Samtökin telja leyfisbindingu takmarkaðs hluta flutningsstarfseminnar í landinu óþarfa. Ekki kemur fram við hvaða vanda sé að etja sem geri nauðsynlegt að setja umrædd ákvæði. Ekkert kemur fram um aukið öryggi frá því sem reglur um farm, aukin ökuréttindi eða almenn ákvæði í umferðarlögum veita.
4. Samtökin hafa verulegar áhyggjur af því að kostnaður við eftirlit og leyfisveitingar verði óhóflegur enda engin ákvæði sem takmarka þann kostnað sem Samgöngustofa getur lagt út og velt á atvinnulífið.
5. Samtökin telja óeðlilegt að vísa til reglna um starfshætti fjármálafyrirtækja eins og gert er í greinargerð með 9. gr. frumvarpsdraganna. Starfsemi flutningafyrirtækja og vörubílstjóra er töluvert annars eðlis en fjármálafyrirtækja. Minnt er á að í gildi eru lög um eftirlit með viðskipta-háttum og markaðssetningu þar sem hagsmunir neytenda eru í fyrirrúmi.
6. Ekki verður vart áhrifa yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að einfalda regluverk atvinnulífsins, auka skilvirkni þess, minnka skriffræði og halda kostnaði niðri. að leiðarljósi. Leyfisgjöldum er ætlað að standa undir auknum kostnaði Samgöngustofu af hertu eftirliti og umfangsmeiri sektarúrræðum.



Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa áður látið í ljós við innanríkisráðuneytið óánægju með lagaákvæði um eftirlit með farmflutningum á vegum án árangurs. Samtökin skora því á Alþingi að kalla eftir mati á hver sé ávinningur og nauðsyn þess eftirlits sem fjallað er um í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Pétur Reimarsson'.

Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfnissviðs

A handwritten signature in blue ink, reading 'Árni Jóhannsson'.

Árni Jóhannsson,
forstöðumaður mannvirkjasviðs,